

Umsögn
Björgólfs Thors Björgólfssonar
um bókina

Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar
eftir fyrrum fjármálaráðherra,
Árna Mathiesen.

Inngangur

Bók Árna Mathiesen, sem var fjármálaráðherra fram til byrjun árs 2009 og annar tveggja reyndustu ráðherra í ríkisstjórn Geirs H. Haarde sem mynduð var sumarið 2007, er um sumt forvitnileg og ýmislegt kemur þar fram sem varpar ljósi á aðdraganda þeirra afdrifaríku ákvarðana sem ríkisstjórnin tók í lok september og byrjun október 2008.

Árni Mathiesen kýs að takmarka frásögn bókarinnar að mestu við atburðarás sem hefst í september 2008 og lýkur þegar ríkisstjórn Geirs H. Haarde hrökklast frá í febrúar 2009. Á því tímabili tók ríkisstjórnin þrjár ákvarðanir sem mikil áhrif höfðu á atburðarás hrunsins og afleiðingar þess. Í fyrsta lagi var tekin ákvörðun um að ríkið tæki yfir 75% í Glitni og um leið var því hafnað að styðja tilraunir til sameiningu banka við þær aðstæður sem upp höfðu komið við fall Lehman Brothers. Í öðru lagi tók ríkisstjórnin enga ákvörðun um aðgerðir frá því lánshæfismat ríkis og banka féll hrapallega og endar þrepi ofar en í ruslflokki þriðjudaginn 30. september 2008 þar til ákvörðun var tekin um leggja fram neyðarlög um yfirtöku ríkisins á fjármálafyrirtækjum aðfararnótt mánudagsins 6. október 2008¹. Þar með hafnaði ríkisstjórnin aftur stuðningi við tilraunir um sameiningu bankanna við þessar óvenjulegu aðstæður. Í þriðja lagi tók ríkisstjórnin ákvörðun um að styðja Kaupping með láni að fjárhæð um 500 milljónir evra aðfararnótt mánudags 6. október 2008, „í einhverjum undarlegasta og óskiljanlegasta gjörningi hrunsins,“ eins og það hefur verið kallað.² Eins og fram kom í tilkynningu frá Seðlabanka Íslands, frá því í nóvember 2008, var ríkisstjórnin á sama tíma að hafna ósk Landsbankans um stuðning sem nam sambærilegri fjárhæð til að vinna því framgang að Icesave-reikningar bankans yrðu fluttir í flýti yfir í lögsögu breska innlánatryggingasjóðsins.

Þó svo bók Árna Mathiesen varpi ljósi á eitt og annað í atburðarásinni þessa örlagaríku daga fer því fjarri að hún skýri með fullnægjandi hætti hvers vegna ríkisstjórnin tók þær ákvarðanir sem hún tók. Margt getur legið þar að baki; Árni Mathiesen þarf ekki að hafa verið með í ráðum og hafi hann verið með í ráðum er ekki víst að hann hafi verið upplýstur um alla þætti málsins eða þá að hann hafi verið upplýstur en ekki að fullu skilið mikilvægi þeirra upplýsinga sem fyrir lágu. Þá getur verið að í bók sinni segi Árni ekki allan sannleikann enda erfitt að gera kröfu um slíkt þegar greina þarf frá flókinni atburðarás þar sem líklega þarf að taka tillit til hagsmuna vina og náninna samstarfsmanna.

¹ Víða hefur komið fram að frá miðjum september og fram undir miðjan október voru nær allar ríkisstjórnir Vesturlanda að undirbúa aðgerðaáætlun til verndar bankakerfum sínum og í bókum stjórnmalamanna eins Gordon Browns, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, og Hank Paulson, þáverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna, var talsvert samráð á milli ríkisstjórna. Þegar upp var staðið höfðu bandarísk stjórnvöld stutt sitt bankakerfi um USD 700 milljarða, bresk stjórnvöld GBP 400 milljarða, þau þýsku um €500 milljarða, frönsk um €360 milljarða, hollensku €200 milljarða, spænsku og austurísku €100 milljarða hvor, ítölsku €40 milljarða í endurfjármögnun bankanna og síðan ótakmarkaðar ábyrgðir og þá studdu ríkisstjórnir landa á borð við Portúgal, Danmörku og Sviss bankakerfi sitt verulega.

² Illugi Jökulsson í pistli á Eyjunni, <http://blog.eyjan.is/illugi/2011/05/03/min-sok-a-hruninu/>

Vanmat á aðstæðum eða vanþekking á viðfangsefninu

Við lestur bókarinnar Árni Matt sækir að sú hugsun að fjármálaráðherra í ríkisstjórn Ísland hafi haft takmarkaðan skilning á bæði regluverki banka og gangverki þeirra. Um ákvörðun stjórnvalda að þjóðnýta Glitni, sem leiddi til þess að lánsþæfismat Glitnis og síðan ríkissjóðs og að síðustu hinna viðskiptabankanna var lækkað, segir fyrrum fjármálaráðherra:

„En þá hafði lánsþæfismatið verið fært niður og búið að virkja fullt af „covenöntum“, eða skilmálum í lánsamningum, sem ekki hafði verið sagt frá.“ (Bl. 24.)

Síðar segir Árni Mathiesen, þáverandi fjármálaráðherra:

„Smám saman verður ráðherrunum ljóst að upplýsingarnar hafa ekki allar verið lagðar fram, að enn sé verið að gefa rangar upplýsingar. Ný og áður framandi orð fara að verða mönnum töm á tungu, orð eins og covenantar, sem virðast æ ofan í æ stinga upp kollinum þegar bankamenn neyðast til að upplýsa um enn eitt vandamálið, einhverjir covenantar voru orðnir virkir, staðan hafði þá versnað. En það var ekki tími til að ergja sig yfir þessu. „Við urðum að halda áfram og klára dæmið fyrir mánudagsmorgun,“ segir Árni. „Hins vegar leiddi þetta til þess að við urðum harðari við þá eftir því sem leið á helgina, kröfðum þá um réttar upplýsingar og gengum á þá...“ (Bl. 39)

Hér lýsir ráðherra því yfir að hann hafi ekki vitað um það grundvallaratriði í starfsemi banka að kjör og skilmálar banka við stórar lántökur og útgáfu skuldabréfa grundvallast á lánsþæfismati – þ.e. mati á hæfi banka til að taka lán. Það að ráðherra telur að honum hafi „ekki verið sagt frá“ því að skilmálar (e. covenants) bresti við breytt lánsþæfismat er eins og bílstjóri haldi því fram að honum hafi ekki verið sagt að forsendur þess að aka á hámarkshraða bresti í hálfu.

Þá segir fjármálaráðherra:

„Um leið og bankarnir féllu viku síðar kom svo í ljós hve útlánin voru lítils virði. Að sjálfsögðu rýrnar allt við svona fall en ég held að engum blandist hugur um að þær eignir voru ekki bara að minnka við áfallið sjálft, verðmæti þeirra var miklu minna en bókfært virði þeirra var í reikningum bankanna. Þá fór okkur að renna í grun að Landsbankinn hefði í raun verið fallinn þegar FL Group og Gnúpur voru að falla í upphafi árs 2008 og þeim hafi einhvern veginn tekist að blekkja eftirlitsaðilana, Seðlabanka og Fjármálaeftirlit, og haldið sér gangandi með gengishagnaði og Icesave-innlánum.“ (Bl. 25.)

Í seinni hluta bókarinnar kveður einnig við svipað stef en þá er stuðst við valda túlkun á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

„Skýrslan dregur þetta fram; allir voru blekkir, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn, ríkisstjórnin, allir. Þess vegna er svo erfitt að sætta sig við það að vera talinn hafa vanrækt skyldur sínar, þegar það liggur fyrir og nefndin leggur það þannig upp, að við höfðum ekki rétta mynd af stöðunni og af vandamálinu. Eftirlitsaðilarnir gáfu okkur ranga mynd af stöðunni, ekki vegna þess að þeir væru að reyna að blekkja okkur, heldur vegna þess væntanlega að þeir höfðu heldur ekki réttu

upplýsingarnar. Þá er ekki um annað að ræða en að álykta sem svo að bankarnir hafi blekkt.“
(Bls. 179-180.)

Rétt er að taka það fram að skýrsla rannsóknarnefndar dregur það **ekki** fram að allir hafi verið blekktir. Það er órökstudd ályktun Árna Matt.

Annars koma fram í þessum tilvitnunum í senn lítill skilningur á þeim aðstæðum sem uppi voru haustið 2008, vanþekking á reglum um hvernig bönkum ber að skrá verðmæti eigna sinna í bækur eða á hverju mat eftirlitsaðila byggir og þá er ráðherra ekki upplýstur um stöðu tiltekinna mála sem hann vísar þó í til að styðja ályktanir sínar. Fyrst ber að hafa í huga að verðmæti eigna fjármálafyrirtækja rýrna þegar álíka samdráttur verður á lausafjármörkuðum og var á Vesturlöndum Vesturlöndum og voru íslenskir bankar þar engin undantekning. Stór hluti eignanna var t.d. í skráðum félögum eða með veð í skráðum hlutabréfum og þar bar bönkum samkvæmt alþjóðlegum skilareglum að bókfæra markaðsverðmæti þó svo erfitt sé að fullyrða um að það hefði verið endanlegt söluverð ef reynt hefði verið að selja við umræddar aðstæður. Það hefði því ekki átt að koma reyndum ráðherra á óvart við þær aðstæður sem uppi voru á fjármálamörkuðum í okkar heimshluta á árinu 2008 að eignir stóðu veikt. Og það er síðan rétt hjá Árna Mathiesen þegar hann segir að eignir veikjast enn frekar við áfallið sjálft.

Í öðru lagi veltir fjármálaráðherra síðan vöngum í þáskildagatið þegar hann segir að honum ásamt einhverjum fleirum sem hann tilgreinir ekki frekar hafi farið að renna í grun að Landsbankinn hefði í raun verið fallinn þegar FL Group og Gnúpur hefðu verið að falla í ársbyrjun 2008. Þarna hefði ráðherra mátt vita - ef hann hefði spurt, að Landsbankinn varð fyrir litlu sem engu tjóni við fall Gnúps – það lenti annars staðar.

Í þriðja lagi þegar ráðherra segir að Landsbankanum hafi tekist að blekkja eftirlitsaðila, Seðlabankann og Fjármálaeftirlit þá virðist hann ekki vita hvernig reglubundið eftirlit útlána og mat á þeim fer fram því öllum þessum aðilum var ljós útlánaáhætta bankans vegna stærstu viðskiptavinanna. Hún var talin viðunandi því henni var dreift samkvæmt uppskrift um áhættudreifingu - á milli viðskiptaaðila, atvinnugreina og landa og markaðssvæða³. Enginn – hvorki í Landsbankanum, hjá alþjóðlegu matsfyrirtækjunum eða Fjármálaeftirliti, gerði sér á þeim tíma í hugarlund þann möguleika að íslenska fjármálakerfið gæti hrunið⁴. Hefðu allir þessir aðilar í ársbyrjun farið að meta áhættu út frá þeim möguleika að kerfið allt gæti fallið er líklegt að atburðarás hefði orðið önnur.

Í fjórða lagi þegar ráðherrann segir að bankinn hafi „haldið sér gangandi með gengishagnaði og Icesave-innlánum“ þá afhjúpar hann enn skilningsleysi sitt á þeirri einföldu staðreynd að ekki nokkur banki getur á einum og sama deginum staðið við allar sínar skuldbindingar og þess vegna er sagt að enginn banki þoli áhlaup. Lausafjárstaða bankans miðast við getu bankans til að standa við umsamdar skuldbindingar á hverjum tíma en ekki við að geta greitt allar skuldbindingar á hverjum einasta degi ef þannig viðrar. Allir vissu að eignir Landsbankans sem og flestar aðrar eignir á Vesturlöndum voru veikari en áður og því var það talið til **styrks** bankans að hafa aðgang að Icesave-innlánum og þar með hafa til reiðu lausafé til að

³ Í sumum erlendum uppgjörsbókum hefur verið á það bent að hefðbundar aðferðir banka við dreifingu áhættu hefðu veitt falskt öryggi. Samhliða alþjóðavæðingu fjármálakerfisins og þróun á nýjum afurðum á fjármálamarkaði hafi bankar ekki þróað samtímis nýjar aðferðir við mat á áhættu. Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, dregur þetta t.d. fram í bók sinni *Beyond the Crash – Overcoming the First Crisis of Globalisation; Simon and Schuster 2010*.

⁴ Ljóst er að Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, var með munnlegan málflutning í febrúar 2008 í þá veru að bankakerfið gæti hrunið þ.e. ef marka má skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en ekki er að sjá að gripið hafi verið til ráðstafana eða aðgerða sem sýna fram á að saman hafi farið hugur seðlabankastjórnans og hönd Seðlabanka Íslands.

standa við skuldbindingar sínar á meðan lausafjárkreppan gekk yfir heiminn og þangað til eignir sem alltaf sveiflast að verðmæti næðu sér aftur á strik. Þetta vissu allir sem að málum komu og þeir skildu þessi lögmál enda hafa þau talist til grundvallarlögmála í bankaviðskiptum í á aðra öld. Það vekur sannarlega eftirtekt að fjármálaráðherra hafi ekki skilið og skilji ekki enn þessa eðlisþætti í starfsemi banka. Ásakanir hans um blekkingar bankamanna verða í þessu ljósi marklausar.

Gordon Brown, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, fjallar⁵ um það sem Árni Matt kallar blekkingar bankamanna í nýútkominni bók sinni. Hann bendir á að sjónarhorn einstakra bankamanna gat ekki gefið þeim þá heildarsýn yfir kerfið sem þurfti til að sjá hina eiginlegu stöðu eigna á markaði. Brown telur ekki að þeir hafi verið að blekkja heldur vissu þeir ekki betur. Stjórnvöld höfðu forsendur til þess að hafa yfirsýn og því bar þeim að setja upplýsingar um bankanna í samhengi sem þau voru ein fær um.

Fjármálaráðherrann fyrrverandi og sá sem átti örlagaríkt símtal við fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling, þriðjudaginn 7. október 2008 m.a. um Icesave-skuldbindingar virðist ekki heldur hafa á hreinu útá hvað viðræður um flutning Icesave-innlánareikninganna gengu. Um það segir hann:

„Ef banki er færður þá þarf bankaeftirlitið í viðkomandi landi að viðurkenna hann, fara í gegnum fjárhag hans og rannsaka hver staða hans er. Ef við hefðum reynt það með einhvern bankanna okkar á árinu 2008, þá hefði að öllum líkindum ekki verið tekið við neinum þeirra. Ef þeir hefðu farið í gegn um lánabækurnar hefði komið í ljós hver staða lánanna var og þá hefði uppgötvast fölsun þeirra á eigin fé, þannig að þeir gátu aldrei flutt.“ (Bl. 179)

Í fyrsta lagi er rétt að taka fram að **aldrei** stóð til að flytja banka. Flutningur Icesave-reikninganna gat átt sér stað annaðhvort með því að dótturfélag Landsbankans í Bretlandi, Heritable Bank sem starfaði með bresku bankaleyfi og veitti m.a. einstaklingum húsnæðislán, tæki reikningana yfir eða með því að útibú Landsbankans í London yrði sjálfstætt dótturfélag. Í hvorugu tilfellinu þurfti bankaeftirlit í Bretlandi að viðurkenna Landsbankann í heild sinni eins og ráðherra gefur til kynna og þvælir með almennum og óljósum hætti inn í rökstuðning sinn þeirri skoðun sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að eigið fé bankanna hafi verið veikt. Fyrir utan nær enga lagalega stoð fyrir hugtakinu „veikt eigið fé“ þá er rétt að taka fram að í tilfalli Landsbankans tengist sú umfjöllun skýrslunnar fyrst og fremst fjármögnun eignarhluta í Landsbankanum sem bankinn hafði samið við starfsfólk um vegna kaupréttta, en lang stærsti hluti þeirrar fjármögnunar var utan bankans. Aldrei hefðu bresk fjármálayfirvöld farið að hafa skoðanir á því og því með ólíkindum að fyrrverandi fjármálaráðherra skuli blanda þeirri umræðu inn í málefni Icesave. Yfirvöld ytra hefðu hins vegar skoðað hvaða eignir stæðu að baki skuldbindingum bankans vegna Icesave-innlánanna. Líklegt verður að telja að bankinn hefði staðist þá skoðun því eins og fram kom í fréttum síðla árs 2010 og hefur ítrekað síðan þá bendir allt til þess að eignir útibúsins í Lundúnum fari langt með að standa undir kröfum breskra og hollenskra yfirvalda. Útistandandi ágreiningur vegna Icesave varðar vexti af þeim fjármunum sem bresk og hollensk stjórnvöld reiddu fram veturinn 2008/2009. Það virðist því sem fjármálaráðherra hafi ekki áttað sig á um hvað flutningar á Icesave-reikningum í breska lögsögu hafi snúist.

Umfjöllun ráðherra og bókaritara hans um vanda Glitnis og úrlausnir á þeim vanda sem upp kom í framhaldinu veita athyglisverða innsýn inn í skilning þeirra og sýn á það vandamál sem við var að stríða.

Fyrst var unnið út frá því að verja Glitni eftir að ríkisstjórnin hafði ákveðið að leggja 84 milljarða hlutafé í bankann í því skyni að forða honum frá falli. Þrátt fyrir það voru vandræði hans fráleitt úr sögunni. Þvert á móti. Glitnir sogaðist niður með vaxandi vanda hinna bankanna. Alls staðar

⁵Brown,G: Beyond the Crash – Overcoming the First Crisis of Globalisation; Simon and Schuster 2010, bls. 17-66.

var við sama vanda að etja, veðköll og slitnar lánalínur, og hremmingarnar virtust frekar aukast en minnka þrátt fyrir boðaða hlutafjárinnspýtingu ríkisins. Stjórnendur Glitnis áttu því erindi við fjármálaráðherrann á meðan fundirnir stóðu yfir í Ráðherrabústaðnum. (Bl. 48)

Hér er í fyrsta lagi sláandi hversu litla yfirsýn ráðherra og aðrir ráðamenn hafa á hvernig vandi eins banka veikir heilt bankakerfi og hvernig viðbrögð breytast eftir því hvort glímt er við vanda eins banka og/eða bankakerfis. Af því sem fram hefur komið opinberlega, sem er í fullu samræmi við það sem kemur hér fram í þessari bók fjármálaráðherra, þá var ekki strax hafist handa við að skilgreina með skýrum hætti vanda kerfisins í heild og mat lagt á hvaða eignir bankanna væru sterkastar og mikilvægastar fyrir bæði íslenskt bankakerfi og einnig íslenskt atvinnulíf og efnahag⁶. Eftir að ljóst varð að stuðningur hins opinbera gat bara orðið lítill þá átti að vera mikilvægast að styðja við það sterkasta og reyna þannig að halda einhverju eftir. Það var ekki gert heldur ákváðu stjórnvöld og þá um leið fjármálaráðherra að leggja 84 milljarða inn í þann banka sem var veikastur – Glitni. Veikleiki þess banka smitaði síðan kerfið í heild. Það er undarlegt að lesa að „Glitnir sogaðist niður með vaxandi vanda hinna bankanna“ þegar í raun viðbrögð ríkisvaldsins urðu til þess að hinir bankarnir suguðust niður með Glitni. Ég er ennþá þeirrar skoðunar að ef sameinaður banki Straums og Landsbankans hefði getað yfirtekið Glitni með eiginfjárstuðningi ríkisins (eða víkjandi láni) hefðu mál getað endað á farsælli veg en raunin varð. Skipting eignarhluta í þeim banka hefði ekki skipt sköpum. Mestu hagsmunirnir fólust í að verja kerfið. Sú aðgerð hefði styrkt stoðir bankakerfisins, viðhaldið lánshæfismati ríkis og bankanna og veitt íslenskum fyrirtækjum stuðning, en Landsbankinn var frá gamalli tíð með langstærsta hluta íslenskra fyrirtækja í viðskiptum. Enn sem komið er hafa engin haldbær rök komið fram, sem byggja á upplýsingum sem stjórnvöld voru með handbærar umrædda helgi, sem skýra af hverju stjórnvöld létu a.m.k. ekki kanna frekar möguleikann á sameiningu Straums, Landsbankans og Glitnis með aðkomu ríkisins. Eftir því sem upplýsingar um hvað gekk á milli ríkisstjórnar og Seðlabanka birtast jafnt og þétt virðist einboðið að stjórnvöld hafi ekki skilið vandann og gert lítið til að verða sér úti um upplýsingar, efla skilning og þróa mögulegar lausnir.

Í eftirfarandi kafla, sem meðhöfundur Árna Mathiesen setur fram en hefur ekki beint eftir fyrrum ráðherra, koma fram eftiráskýringar og ásakanir sem staðfesta enn frekar að aðstandendur bókarinnar hvorki þá né nú tveimur árum síðar bera skynbragð á þær aðstæður sem við var að glíma:

Fulltrúar allra stóru bankanna höfðu þá komið í Ráðherrabústaðinn og allir áttu þeir það sammerkt að staðan hafði versnað frá því að þeir hittu ráðherrana daginn áður og – það sem meira er – á fundunum kom smám saman í ljós að staða þeirra var mun verri en þeir gáfu til kynna í byrjun fundar. Það sem síðar kom á daginn um raunverulega stöðu bankanna á þessum tíma, og fjallað er um í Skýrslunni, bregður afar sérkennilegu ljósi á framgöngu forsvarsmanna bankanna. Staða þeirra var miklum mun verri en þeir gáfu til kynna, jafnvel eftir að þeir neyddust til að upplýsa um nýjar og nýjar skuldbindingar sem voru við það að falla í gjalddaga eða veðköll voru gerð á. Vissu þeir ekki betur? Höfðu þeir ekki yfirsýn yfir fyrirtækin sem þeir stjórnuðu og báru ábyrgð á? Trúðu þeir í raun og veru sjálfir að íslenska ríkið, miklum mun minna en bankarnir mælt á peningalegan mælikvarða, gæti bjargað þeim? Trúðu þeir því sjálfir að yfirleitt væri hægt

⁶ Það kemur skýrt fram í bókum sem skrifaðar hafa verið um hvað gekk á í bönkum og stjórnsýslu í Bandaríkjunum og Bretlandi haustið 2008 að á þessum tíma voru stjórnvöld í þeim löndum búin að gera sér grein fyrir að vandinn væri í kerfinu í heild en ekki bundinn við einstaka banka og það sem meira var að bankarnir sjálfir sæju ekki með skýrum hætti kerfisáhættuna – sbr. Sorkin: *Too Big to Fail*, Allen Lane-Penguin Books 2009, Hank Paulson, fyrrverandi fjármálaráðherra Bandaríkjanna: *On the Brink*, Headline Publishing Group, 2010, og Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands (sjá tilvitnun 1 að ofan). Í bók Browns kemur fram að hann átti í samskiptum um þessi mál við aðra þjóðarleiðtoga um þessi sjónarmið sín, þar á meðal forsætisráðherra Noregs og Danmerkur.

að bjarga bönkunum, sem þeir máttu vita að voru gjaldþrota eða yrðu það á næstu vikum eða mánuðum? (Bls. 42-43.)

Væntanlega voru fulltrúar íslensku bankanna í góðri trú að gera það sama og nær allir forsvarsmenn banka á Vesturlöndum voru að gera í september og október 2008⁷; að ræða við stjórnvöld um aðkomu þeirra og stuðning vegna þess að fjármálamarkaðir heims voru í ölduróti sem aldrei fyrr vegna lausafjárþurrðar og gífurleg óvissa ríkti um hvað yrði úr verðmæti eigna ef þyrfti að selja þær við þessar aðstæður – ef þá væri hægt að selja þær.

„Staða þeirra var miklum mun verri en þeir gáfu til kynna ...“ – Nei, ekki endilega, en hitt var ljóst að staðan versnaði stöðugt – m.a. vegna yfirtöku ríkisvalds á Glitni og aðgerðaleysis í viku þar á eftir.

„Vissu þeir ekki betur?“ – Já og nei, þeir sáu ekki hvaða forsendur myndu breytast en þeir vissu hvað gerðist ef þær breyttust á tiltekinn hátt.

„Höfðu þeir ekki yfirsýn yfir fyrirtækin ...?“ – Jú, væntanlega - en staða þeirra breyttist frá einni stund til annarrar.

„Trúðu þeir því sjálfir að yfirleitt væri hægt að bjarga bönkunum, sem þeir máttu vita að voru gjaldþrota eða yrðu það á næstu vikum eða mánuðum?“ – Já, trúðu og vonuðu. Þeir gátu ekki - öfugt við höfunda bókarinnar sem virðast hafa auga Óðins – séð fram á gjaldþrot á næstu vikum eða mánuðum. Ekki frekar en starfsmenn Lehman Brothers, sem sáu ekki gjaldþrotið sem kom fjármálaheiminum í opna skjöldu 14. september 2008 eða starfsmenn RBS (Royal Bank of Scotland) sem sáu ekki gjaldþrotið sem var með naumindum afstýrt í fyrstu viku október 2008 vegna þess að bresk stjórnvöld björguðu honum fáeinum klukkustundum áður en hann þraut⁸. Ef þetta var öllum ljóst hvers vegna ákvað ríkisstjórnin þá að lána Kaupþing 500 milljónir evra?

Þá er rétt að benda á að þessi predikun fyrrum ráðherrans og skrifara hans er ekki í fullu samræmi við ályktun annars staðar í bókinni þess efnis að bresk stjórnvöld hafi veitt Kaupþingi „náðarhöggið“ og að það sé „ófyrrigefanlegt“. (Sjá bls. 49.)

⁷ Í áður nefndum bókum (sjá tilvitnun 5) og víðar hefur komið fram hvernig yfirvöld stýrðu vegferðinni og kölluðu til forystumenn fjármálafyrirtækjanna til að þróa og kanna úrlausnir sem reyndu á aðkomu markaðarins. Þessa daga og nætur var her sérfræðinga í hverjum einasta banka að meta og greina möguleika undir styrkri forystu stjórnvalda.

⁸ Mervyn King, bankastjóri Englandsbanka segir í viðtali við Bloomberg fréttastofuna 24. september 2009 að stærstu bankar Bretlands hafi aðeins verið klukkustundum frá falli og þar með að bankakerfið allt yrði í uppnámi, - sjá <http://www.bloomberg.com/apps/news?pid=newsarchive&sid=afWmri7ru8QM>. Afskipti ríkisvaldsins komu þeim til bjargar.

Ráðherra reiðir sig á Kaupþing

Víða kemur fram í bók Árna Mathiesen að hann sem ráðherra reiddi sig talsvert á upplýsingar frá Kaupþingi og hann virðist hafa treyst honum best íslensku bankanna. Þá virðast Kaupþingsmenn hafa veitt ráðherra upplýsingar um Landsbankann sem hann sá ekki ástæðu til að fá staðfestar. Frásögn bókar Árna af atburðarás haustdagana 2008 er óljós þar sem allir fundir eða samtöl eru ekki listuð í rétttri tímaröð og heldur ekki vísað til þeirra þannig. Ljóst er að fjármálaráðherrann var í nánari og tíðari samskiptum við Kaupþing en Landsbankann eins og sjá má hér af frásögn af fundum sunnudaginn 5. október 2008:

„Það lá ekki fyrir nein ákveðin niðurstaða og við urðum að hitta bankamennina á nýjan leik eftir fund með fulltrúum Kaupþings sem sögðu bankann ekki geta fundið neina lausn með Landsbankanum, eins og þeir höfðu talið fyrr um helgina. Þar með staðfestu kaupþingsmenn í rauninni að engin innistæða hafði verið fyrir þeim orðum Björgólfs Thors að til væri eigið fé í Landsbankanum. Landsbankinn var því ekki lengur inni í myndinni sem stoð til að halda upp fjármálakerfi landsins.“ (Bl. 44.)

Ekki er ljóst hvaða „bankamenn“ ráðherrann þurfti að hitta á nýjan leik eftir fund með Kaupþingi og þá er ekki ljóst hvaða Kaupþingsfundar ráðherra vísar til. Fram hefur komið, m.a. í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, að ráðherrar áttu fund með Kaupþingsmönnum og Landsbankamönnum í sitthvoru lagi að morgni 5. október og síðdegis sama dag, eða um kl. 17.00 samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar, áttu þeir sameiginlegan fund með fulltrúum beggja bankanna þar sem rætt var um sameiginlega yfirtöku Kaupþings og Landsbankans á Glitni með aðild ríkisins. Eftir þann fund fara Landsbankamenn og ræða m.a. við Hector Sants, forstjóra breska fjármálaeftirlitsins (FSA), um lausnir varðandi Icesave-innlánareikningana og við Seðlabanka Evrópu varðandi frestun á takmörkunum á endurhverfum viðskiptum sem bankinn hafði tilkynnt um á föstudagskvöldi og hafði þá breytt til verri vegar lausafjárstöðu Landsbankans. Samtölin við FSA og Seðlabanka Evrópu fara á besta veg, krafa þessara aðila um lausafjársbindingu Landsbankans daginn eftir lækkaði um helming og því urðu Landsbankamenn vongóðir um að með aðstoð ríkisins gæti bankinn lifað áfram hvort sem til sameiningar við Glitni kæmi eða ekki. Upplýsingum um breytta stöðu var reynt að koma áleiðis til ráðherra og Seðlabankans í gegnum tengiliði en ráðherrar gáfu sér ekki tíma til að ræða við Landsbankamenn um breytta stöðu.

Það sem hins vegar vekur athygli við þessa frásögn fyrrum fjármálaráðherra er að hann virðist hafa verið á fundi með Kaupþingsmönnum þarna á sunnudagskvöldinu og tekið þar við upplýsingum frá þeim um stöðu og getu Landsbankamanna og að Landsbankinn væri „ekki lengur inn í myndinni sem stoð til að halda uppi fjármálakerfi landsins“. Frásögn Árna í bók hans virðist staðfesta að ráðherra hafi ekki séð ástæðu til að heyra í Landsbankamönnum varðandi þetta eða fá „upplýsingar“ Kaupþingsmanna staðfestar frá þriðja aðila. Þetta kemur skýrar fram annars staðar í bókinni:

„Síðar um helgina komu kaupþingsmenn og sögðu einfaldlega við okkur: Þetta gengur ekki með Landsbankann, þeir bara segja okkur ósatt. Þeir geta ekki gert þetta, sem þeir eru að tala um að gera. Björgólfur Thor var í forystu fyrir landsbankamönnum þessa helgi.“

Ég held þeir hljóti að hafa vitað allan tímann og gert sér grein fyrir að sú leið sem þeir ræddu, að sameinast Kaupþing og yfirtaka Glitni, væri algjörlega óraunsæ.“ (Bl. 33.)

Þarna sést vel að fjármálaráðherra byggir mat sitt á stöðu Landsbankans á upplýsingum frá Kaupþingi og ályktar útfrá sömu upplýsingum um hvað Landsbankamenn hljóti að hafa vitað. Hann gengur svo langt í

ályktunum að hann ætlar Landsbankamönnum að vera í einhverjum blekkingarleik dagana fyrir fall þegar allir sem að máli komu voru að reyna að bjarga því sem bjargað varð af heiðarleika með þeim ráðum sem menn höfðu. Þá fer ráðherra einnig frjállega með staðreyndir í þessum tilvitnunum. **Aldrei** stóð til að Kaupþing og Landsbankinn sameinuðust og tækju yfir Glitni. Það hefði þýtt að aðeins einn banki yrði eftir í landinu og hefði ráðherra átt að sjá að slíkt gengi aldrei upp. Það sem kom til greina var fyrst og fremst sameiginleg yfirtaka á Glitni, þ.e. að Landsbankinn tæki yfir hluta hans og Kaupþing gerði slíkt hið sama. Þá er jafnframt rétt að fram komi að stjórnarformaður Kaupþings, Sigurður Einarsson, óskaði eftir því við mig að ég kæmi til Íslands þessa helgi vegna ástandsins sem skapaðist við yfirtöku ríkisins á Glitni. Mitt hlutverk var tvíþætt. Annars vegar að ganga erinda Straums, þar sem ég var stjórnarformaður, en sá möguleiki var alltaf á borðinu að sameina Straum og Landsbankann sem hluta af lausn á vandanum sem við blasti og hins vegar hvað varðar Landsbankann var hlutverk mitt fyrst og fremst sem hluthafi bankans og milliliður í samskiptum við hluthafa og stjórnendur hinna bankanna sem og stjórnvöld. Þegar sagt er að ég hafi haft forystu fyrir Landsbankamönnum þá er ráðherra að lýsa upplifun sinni – sem var ekki alveg í samræmi við raunveruleikann.

Einnig er afar forvitnilegt að skoða minnispunkta ráðherra frá fundi kvöldið áður, laugardaginn 4. október.

Í lok þessa fundar með seðlabankastjórunum skrifar Árni hjá sér:

„Glitnir fer þá á höfuðið á mánudag

Lí líklega líka

Kaupþing telur sig enn geta lifað“ (Bl. 38.)

Hér sést að hann metur stöðu Kaupþings útfrá upplýsingum frá Kaupþingi – „Kaupþing telur sig“, en matið á Landsbankanum og Glitni byggir á mati einhverra ótilgreindra aðila. Upplýsingar sem ráðherra vinnur með eru augljóslega **ekki sambærilegar** en það kemur ekki í veg fyrir samanburð ráðherra sem virðist leggja grunn að mati hans og ákvörðunum.

Athyglisvert er að á meðan ráðherra reiðir sig á Kaupþing eins og raun ber vitni þá virðist fjármálaráðherra vera þeirrar skoðunar að Landsbankinn sé líklegri til að fara í þrot en Kaupþing um og eftir yfirtöku ríkisins á Glitni. Í frásögn ráðherrans af helginni örlagaríku þegar ríkisvaldið ákvað að yfirtaka Glitni virðist ráðherra aldrei gruna að slík aðgerð hefði áhrif á Kaupþing, aðeins Landsbankann:

„Niðurstaða á laugardeginum var sú að það væri nánast sama hvað yrði gert, það myndi fella Landsbankann líka vegna krossveðsetningar og þvíumlíks.“ (Bl. 19.)

Allmargir voru kallaðir til þennan sunnudag í Seðlabanka, fjármálaráðuneyti, forsætisráðuneyti: bankamenn og fulltrúar Fjármálaeftirlitsins, auk annarra sérfræðinga. Minnisblöð voru skrifuð, þau skoðuð og þeim breytt, hugmyndir ræddar, skoðaðar nánar eða lagðar til hliðar. Reynt að rýna í framtíðina. Úr einni slíkri kristalskúlu lásu menn að þær leiðir sem helst þóttu koma til greina myndu ekki leiða til falls Landsbankans. (Bl. 21.)

„Þá fór okkur að renna í grun að Landsbankinn hefði í raun verið fallinn þegar FL Group og Gnúpur voru að falla í upphafi árs 2008 ...“ (Bl. 25.)

Engar efasemdir er að finna hjá ráðherra um stöðu og styrk Kaupþings þegar þarna er komið í sögu. Síðan þegar að yfirtaka ríkisins á Glitni hafði leitt til þess að lánshæfismat ríkisins féll og þá um leið matið á viðskiptabönkunum var ljóst að vandi Landsbanka og Kaupþings stækkaði ört. Í bók Árna kemur fram að ríkisvaldið skoðar hvernig bregðast eigi við og leggur upp með að bjarga einum banka. Án þess að fullnægjandi skýring sé gefin virðist alltaf annað hvort sem bjarga eigi Glitni, - sem var í eigu ríkisins, eða Kaupþingi.

Sérfræðingahópur, sem forsætisráðherra hafði skipað laugardaginn 4. október, til að vinna neyðaráætlun vegna yfirvofandi falls bankanna, kom í Ráðherrabústaðinn á hádegi sunnudagsins. Í hópnum voru Friðrik Már Baldursson, hagfræðiprófessor við Háskólann í Reykjavík, Jón Steinsson, hagfræðingur og lektor við Columbia háskólann í New York, og Bogi Nils Bogason, endurskoðandi, auk Tryggva Þórs Herbertssonar, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, og Jóns Þórs Sturlusonar, aðstoðarmanns viðskiptaráðherra.

„Þeir settu á mikið glærushow þar sem þeir veltu upp hvaða möguleikar væru í stöðunni ef allt færi á versta veg, hvernig hægt yrði að halda einhverri starfsemi gangandi. Einhver bankinn sem gæti tekið allt yfir með stuðningi frá ríkinu. Það var leið A eða B með Kaupþingi eða Glitni, eftir því á hvorn yrði veðjað, og innistæðutryggingar með skuldabréfum, innlendir hluti og erlendir hluti, hvað dæmið væri stórt og hverjir væru kostir og gallar hinna mismunandi leiða. Ein leiðin var t.d. að byggja á sparisjóðunum vegna greiðslukerfis þeirra. (Bls. 43-44.)

Fyrst var unnið út frá því að verja Glitni eftir að ríkisstjórnin hafði ákveðið að leggja 84 milljarða hlutafé í bankann í því skyni að forða honum frá falli. Þrátt fyrir það voru vandræði hans fráleitt úr sögunni. Þvert á móti. Glitnir sogaðist niður með vaxandi vanda hinna bankanna. Alls staðar var við sama að vanda etja, veðköll og slitnar lánalínur, og hremmingarnar virtust frekar aukast en minnka þrátt fyrir boðaða hlutafjárinnspýtingu ríkisins. Stjórnendur Glitnis áttu því erindi við fjármálaráðherrann á meðan fundirnir stóðu yfir í Ráðherrabústaðnum.

„Ég átti að minnsta kosti tvo, ef ekki þrjá fundi með þeim þessa helgi, bæði uppi í fjármálaráðuneyti og eins í Ráðherrabústaðnum þar sem þeir útlistuðu tillögur um að losa um eignir bankans. Þeir höfðu þá augljóslega áttað sig á því að hinir bankarnir voru að reyna að gera eitthvað. Glitnismenn voru að einhverju leyti að reyna að bjarga eigin skinni en þarna var það sennilega orðið of seint. Ef þeir hefðu gert það strax í upphafi eftir Glitnishelgina, þá hefðum við kannski átt möguleika á að bjarga bankanum. ... Hins vegar hefði munað mjög miklu ef við hefðum getað haldið einum banka lifandi og það má segja að niðurstaða helgarinnar hafi verið sú að Kaupþing gæti lifað. Þess vegna var ákveðið að hann fengi lán í Seðlabankanum með veði í FIH bankanum danska. Lánið var til tveggja, þriggja sólarhringa en þeir áttu von á einhverjum peningum, en ég vissi ekki smáatriðin í þessu, ákvörðunin var ekki borin undir mig. Ég taldi á þessum tíma að Kaupþing stæði það vel að það mundi standa af sér þessar hremmingar og hefði lifað þær af ef bresk stjórnvöld hefðu ekki farið inn í bankann.“ (Bls. 48.)

„Raunverulega trúði maður því aldrei að Kaupþing væri að fara, maður hélt að það væri sterkast af þeim. Vissulega voru komnir fram veikleikar í Glitni sem við glímdum við og menn sáu að það voru veikleikar í Landsbankanum. Eins og sést af punktum mínum frá ráðherrabústaðarhelginni voru miklar vangaveltur um það hvort Landsbankinn mundi þola það að Glitnir færi eða eða ekki, jafnvel hvort hann mundi þola björgunaraðgerðir ríkisins á Glitni. Þá var spurningin: Gætum við bjargað honum líka? Sennilega hefðum við ekki getað það, jafnvel þótt Kaupþing hefði lifað. Jafnvel þótt Bretarnir hefðu ekki farið inn í hann, eins og þeir gerðu, því að raunverulega fella þeir bankana með aðgerðunum og þegar þær aðgerðir skella á okkur þá er vonlaust að reyna að

halda þeim gangandi, það var meira að segja vonlaust að halda Glitni gangandi eftir það.“ (Bls. 181-182.)

Eina ástæðan sem fyrrum fjármálaráðherra gefur fyrir því að dagar Landsbankans hafi verið taldir áður en hann féll var sú að áhlaup var hafið á Icesave-innlánareikningana og þar með væri sagan sögð. Málið er hins vegar ekki svo einfalt. Vissulega var mikil hætta fólgin í áhlaupi á Icesave-innistæðurnar, þ.e. að viðskiptavinir myndu taka út innistæður sínar. Og vissulega er það rétt að helgina 4.-5. október var útstreymi af þeim reikningum. Hins vegar er rétt að hafa það í huga að í Bretlandi var þessa dagana mikil óvissa á fjármálamörkuðum og innistæðueigendur höfðu ekki í mörg hús að vanda og þar að auki voru nærri 60% inneignanna bundnar. Þá átti mönnum einnig að vera ljóst að ef Icesave slyppi við áhlaup þá var Landsbankinn með traustari fjármögnun í þessu ástandi sem þarna var þar sem kyrfilega var lokað fyrir alla aðra fjármögnun banka á þessum tíma en með innlánum og því áttu bankar sem lítið reiddu sig á innlán í verulegum erfiðleikum með að mæta áföllum. Sú skýring að Landsbankinn hefði staðið veikara en Kaupþing vegna Icesave-áhlaupa og því væri síður ástæða til að reyna að bjarga honum dugar því ekki nema hálf leið þegar skýra á trú ráðamanna á Kaupþingi umfram Landsbankann helgina 4.-5. október og hún dugar tæpast nokkuð vegna sömu sjónarmiða helgina þar á undan því þá var áhlaup á Icesave ekki hafið.

Önnur ástæða kann að vera sú að einhverra hluta vegna voru gangvegir Kaupþings til ríkisstjórnar – ekki Seðlabankans, greiðfærir. Stjórnvöld og þá um leið ráðherra efast ekki um styrk Kaupþings en eru afar móttækileg fyrir efasemdum um styrk Landsbankans. Ljóst er að Kaupþing er mikilvæg upplýsingaveita fyrir fjármálaráðherra og ljóst er að hann trúir því að sá banki hafi staðið sterkastur þessa dagana. Þetta kemur skýrt fram í vitnisburði Árna Mathiesen hjá rannsóknarnefnd þar sem hann hefur þar eftir Kaupþingsmönnum ýmis meiðandi ummæli um mig (sbr. Skýrsla RNA, 7. bindi, kafli 20.3, bls. 143 – 144) og í bókinni endurómar sá vitnisburður m.a. í ofangreindum tilvitnum (bls. 44 og bls. 33). Þá er athyglisvert að ráðherra tekur mark á óljósum yfirlýsingum Kaupþingsmanna um að þeir eigi von á „einhverjum peningum“ þegar allt var frosið á fjármálamörkuðum án þess spyrjast um það frekar. Víst er að margir sem þekktu vel til í fjármálakerfinu höfðu miklar efasemdir um raunverulega stöðu Kaupþings og var Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri Landsbankans lengi vel mjög efins um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem Kaupþing setti frá sér. Ef Sigurjón Þ. Árnason hefði haft þann aðgang að fjármálaráðherra sem Kaupþingsmenn höfðu og hann haft milligöngu um að upplýsa ráðherra um stöðu Kaupþings – líkt og bankastjórar Kaupþings gerðu varðandi Landsbanka, er ómögulegt að segja hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar.

Síðar hafa sjónarmið og efasemdir Sigurjóns Þ. Árnasonar og fleiri um uppblásinn efnahag hjá Kaupþingi verið [ítrekuð](#). Að auki hefur komið í ljós að Kaupþing leyndi yfirvöld mikilvægum upplýsingum um auknar kröfur fjármálafyrirvalda í Bretlandi til bankans föstudaginn 3. október. Loks má svo nefna, að ráðherra talar enn, á þriðja ári frá hruni, eins og Kaupþingsmenn hafi í raun átt von á einhverju fé inn í bankann, þegar löngu er orðið ljóst að peningarnir streymdu aðeins út úr bankanum þessa daga. Þar er enn eitt atriðið, sem ráðherrann telur ekki ástæðu til að endurskoða. Honum segist svo frá:

„Það er hins vegar mjög erfitt að átta sig á þessu því að síðan hefur svo margt skrítið komið upp úr dúrnum varðandi Kaupþing og viðskiptin þar. Þó að þeir hafi á þessum tíma ekki átt að standa frammi fyrir neinum stórum greiðslum fyrr en sumarið eftir, 2009, þá veit maður ekki hvað þessir einkennilegu hlutir ristu djúpt. En bresk stjórnvöld veittu Kaupþingi örugglega náðarhöggið þegar þau fóru inn í Kaupþing Singer & Friedlander bankann í London og færðu Edge-reikningana til Hollands.“ (Bls. 48-49.)

Ofangreind tilvitnun er **eina** tilraun ráðherrans til að gera upp við þá aðila sem hann reiddi sig hvað mest á við mat á stöðu mála í aðdraganda hrunsins. Þessir sömu aðilar eru – samkvæmt eigin vitnisburði Árna Matt í þessari bók, þeir sem „upplýstu“ ráðherra og mótuðu afstöðu hans til þess sem Landsbankinn og ég vorum að reyna að gera. Sú afstaða er afar neikvæð og því vekur það eftirtekt að ráðherra skuli ekki endurmeta þær „upplýsingar“ í ljósi þess sem síðar hefur komið fram um aðgerðir Kaupþingsmanna. Að minnsta kosti hefði mátt vænta endurmats á þeim vinnubrögðum stjórnvalds að byggja ákvarðanir sínar á umsögn eins markaðsaðila um keppinaut sinn, en slíkt endurmat er ekki að finna í bók Árna Matt.

Neikvæðni í garð Landsbankans – ásakanir um blekkingar

Víða verður í bók fyrrum fjármálaráðherra vart við tortryggni og neikvæðni í garð Landsbankans og fulltrúa þeirra en eins og að framan er greint er skilningur meiri á sjónarmiðum fulltrúa Kaupþings, trúnaður við Kaupþingsmenn er meiri samhliða trú á styrk og stöðu Kaupþings umfram önnur fjármálafyrirtæki. Í bókinni er vart að finna ástæður eða atvik sem réttlæta að ráðherra og stjórnvald í raun mismuni málsaðilum og taki eins augljósa stöðu með einum frekar en öðrum.

Í bók Árna Mathiesen kemur fram að strax um Glitnishelgina blæs köldu í garð Landsbankans. Mér var ekki kunnugt um þennan vanda Glitnis fyrr en á sunnudeginum 29. september 2008 en ég ætla að bankastjórar Landsbankans hafi haft veður af honum degi fyrr. Landsbankamenn setjast yfir afleiðingar af vanda Glitnis á sunnudeginum. Ég fæ símtal rétt undir hádegi og er kallaður til fundar í Landsbankanum eftir hádegi með báðum bankastjórunum, helstu stjórnendum og formanni og varaformanni bankaráðs. Bæði stjórnendur bankans og ég höfðum fyrr á árinu rætt við stjórnvöld um sameiningu Landsbankans, Straums og Glitnis með fjárframlagi ríkisins annað hvort á formi víkjandi láns eða eigin fjár⁹. Stjórnendur Landsbankans lögðu fram á fundinum hugmynd að því hvernig við þessar aðstæður mætti sameina þessa banka. Á þeirri stundu var [eiginfjár staða Straums talin sterk](#) og þá var lausafjárstaða Landsbankans á þessum tíma talin örugg og því voru þessir tveir bankar sameinaðir taldir traustir og á þeim forsendum var tillaga um sameiningu send til stjórnvalda. Fyrir hönd stjórnar Straums féllst ég á að senda þessa tillögu til þess að koma samtali af stað. Um þessa tillögu hefur fjármálaráðherra þetta að segja:

„Um þetta leyti fara að berast einkennileg tilboð frá Landsbankanum um sameiningu Glitnis og Landsbankans, þar sem ríkið átti að borga brúsann og hlutur Landsbankans að vera ansi góður, svo ekki sé meira sagt, en hlutur eigenda Glitnis eyðast út. Menn voru bara alveg gáttaðir!“ (Bls. 21.)

Bókaritari ráðherra hefur síðan þetta að segja:

Sagt er að hákarlar finni blóðlykt úr tuga mílna fjarlægð ef særð skepna er í sjónum. Það mátti reyna að ná þessari bráð og Landsbankamenn voru ekki þeir einu. Inn á fundinn bárust fleiri hugmyndir um framtíð Glitnis, meðal annars yfirmáta flókin tillaga frá Milestone. (Bls. 22.)

⁹ Í skýrslu RNA er vísað í minnisblað Landsbankans til ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands í febrúar 2008 þar sem talað er um að taka á lausafjávandanum með myndarlegum hætti og lagt til að ríkið tryggi fjármögnun Landsbankans til fimm ára og bankinn yfirtaki einnig Glitni (Skýrsla RNA, 6. bindi, kafli 19.3.5, bls 125.) og einnig kemur fram að bankastjóri Landsbankans á viðræður við Seðlabankann um yfirtöku á Glitni í mars mánuði (Skýrsla RNA, 6. Bindi, kafli 19.3.6 bls. 147.) Ég átti síðan fund með Geir H. Haarde í ágúst þar sem ég lagði fram kynningu á forsendum og aðferðum við slíka yfirtöku. Ítrekað kom fram hjá mér og bankastjórum Landsbankans að forsenda yfirtöku/sameiningar væri fjárframlag ríkisins því það vantaði eigið fé í kerfið. Í [viðtali við Markaðinn](#) á Stöð 2 í apríl 2008 svara ég spurningu fréttamanns um sameiningu Glitnis og Landsbanka og Straums á þá leið að kröfuhafar ráði för.

Tillögu Landsbankans svaraði formaður bankastjórnar Seðlabankans með háði og án raka eða umræðu¹⁰. Ekkert heyrðist frá ríkisstjórn. Ekkert gagntilboð, engin tillaga um að setja viðræður í ferli en frá sjónarhóli Landsbankans var tilboðið einna helst sett fram til að undirstrika vilja bankans til að koma að lausn mála. Viðleitni Landsbankans og Straums til að þróa aðrar lausnir á vanda Glitnis en þá sem Seðlabankinn lagði til var tortryggð og hædd. Erfitt er að gera sér grein fyrir því af hverju þeir sem réðu ferðinni í ríkisstjórn og í Seðlabankanum efuðust um vilja og ásetning Landsbankans og Straums til að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ríkið yfirtæki Glitni því bankamenn sáu í hendi sér að það hefði í för með sér verulega rýrnun eigna í íslenska kerfinu.

Í framhaldinu átti ég ásamt Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, fund með stjórnarformanni Glitnis, Þorsteini Má Vilhjálmssyni, aðaleiganda Glitnis, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, og forstjóra FL Group, Jóni Sigurðssyni. Þar áttu sér ekki stað neinar efnislegar viðræður en almennt var rætt um sameiningu og skilyrði varðandi skipan stjórnar. Ég óskaði eftir hugmyndum eða tilboði frá Glitni sem barst ekki. Landsbankinn sendi síðan aðra tillögu til stjórnvalda um sameiningu bankanna þriggja með aðkomu ríkisins. Aldrei barst neitt svar eða önnur viðbrögð við því tilboði. Fyrrum fjármálaráðherra svarar því ekki í bók sinni af hverju tillögunni er ekki svarað, af hverju stjórnvöld settu ekki fram hvaða forsendur væru fyrir sameiningu af þeirra hálfu eða af hverju stjórnvöld setja ekki sameiningaviðræður í ferli og leggja til forystu til slíkrar vinnu. Árni Matt birtir hins vegar úr tölvupósti samráðherra og vinar, Össurar Skarphéðinssonar, en pósturinn er meðal gagna sem opinberuð voru í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

„Sameining Lí og Glitnis er líklega til umræðu í nótt. Landsbankamenn fóru hins vegar að sofa! Þeir höfðu áður sent tilboð inn í Sí, sem gróflega fól í sér að 200 milljarðar yrðu settir í sameinaðan banka af ríkispeningum, og þar að auki lánaður allur gjaldeyrisvarasjóðurinn og meira til – 3 milljarðar evra. Það var óaðgengilegt, og þótti undarlegt tilboð af hálfu Lí. Það var sett fram án samráðs við Glitni.“ (Bls. 22.)

Af þessu má ljóst vera að fjármálaráðherra átti enga aðild eða kann enga skýringu á af hverju stjórnvöld kanna ekki til hlítar aðra möguleika á úrlausn vanda Glitnis en þann sem Seðlabankinn hefur lagt til og vill fá ríkisstjórn til að fallast á. Upplýsingar í pósti iðnaðarráðherra um að Landsbankamenn séu farnir að sofa eru væntanlega frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni komnar því Landsbankamenn sváfu ekki mikið þessa nótt. Skoða ber því póst iðnaðarráðherra í ljósi þess hverja hann var að tala við þetta kvöld og þessa nótt. Hins vegar sendi Jón Ásgeir mér sms-skeyti um nóttina þar sem hann óskaði eftir að hitta mig. Á þeirri stundu leit ég þannig á að öll spil væru á hendi Seðlabankans og ríkisstjórnar og því fátt sem Glitnir og Landsbankinn gætu gert upp á eigin spýtur. Ég sá því ekki ástæðu til að rjúka upp til funda fyrr en viðbrögð fengjust frá stjórnvöldum.

¹⁰Úr skýrslu RNA, 7. bindi, kafla 20.2, bls. 45: „Ég get fengið ríkisstjórnina og bankastjórnina til að samþykkja þetta með einu skilyrði, þessa hugmynd ykkar. Hann [Halldór J. Kristjánsson]var mjög kátur og sagði: Hvað er það? Það er að ég [...] komist í stjórn Blómavals. Þá sagði hann: Er þetta svona vitlaust? Já, þetta er svona vitlaust. Og svo lagði ég á.“ Davíð Oddsson um fyrri tillögu Landsbanka Íslands hf. 28. september 2008, sbr. skýrslu Davíðs fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009, bls. 57.

Víðar er að finna í bók Árna Mathiesen, fyrrum fjármálaráðherra, neikvæð viðhorf til Landsbankans og ásakanir um óheilindi hans og okkar sem vorum að reyna að bjarga því sem bjargað varð:

„Ég held þeir hljóti að hafa vitað allan tímann og gert sér grein fyrir að sú leið sem þeir ræddu, að sameinast Kaupþingi og yfirtaka Glitni, væri algjörlega óraunsæ.“ (Bl. 33.)

Bókaritari segir síðan:

Yngvi Örn Kristinsson svaraði fyrir hönd landsbankamanna og punktaði Árni hjá sér eftir honum: „5 mia evra inn í kerfið ekki [hægt að] opna ef það er ekki klárt.“ Í lok fundarins er þetta síðan skrifað eftir Börgólfi Thor: „Það er til eigið fé.“ Hvað átti hann við? Var hann að blekkja ráðherrana með því að slá um sig? Hvaða eigið fé? Þessar spurningar lágu í loftinu, en kannski hefur ráðherrunum þótt, þegar þarna var komið sögu, ástæðulaust að ganga eftir svörum. Ljóst væri orðið að engin innistæða væri fyrir fullyrðingum af þessu tagi. (Bl. 41-42.)

Árni og bókaritari hans halda því fram að ég og fulltrúar Landsbankans höfum gert okkur grein fyrir óraunsæi okkar hugmynda og að engin innistæða hafi verið fyrir fullyrðingum okkar. Hér er því haldið fram að við höfum verið að blekkja yfirvöld. Það er ekki rétt.

Við lestur þessara tilvitnana skýrist að fjármálaráðherra skildi ekki tilboð Landsbankans og Straums um yfirtöku á Glitni. Það tilboð grundvallaðist á að sameina fyrst Landsbankann og Straum. Sameining Landsbankans og Straums var alltaf lykillinn frá okkar bæjardyrum að sameiningu við Glitni eða Kaupþing. Þetta kom fram á fundi mínum með Geir H. Haarde í ágústmánuði og þetta kom skýrt fram í tillögum sem sendar voru frá Landsbankanum helgina áður til stjórnvalda og þau svöruðu ekki.

Áður en stjórnvöld tóku yfir Glitni og áður en lánhæfismat ríkisins og allra bankanna lækkaði tveimur dögum síðar var eiginfjárstaða Straums afar sterk og nam eiginfjárlutfall bankans 25.4% í hálfársuppgjöri 2008, lang hæst íslenskra banka. Á sama tíma var lausafjárstaða Landsbankans talin sterk vegna þess hve fjármögnun hans byggði mikið á almennum alþjóðlegum innlánnum en ekki á heildsölulánum á fjármálamörkuðum sem þá voru botnfrosnir. Við lítið breyttar aðstæður var Landsbankinn að fullu fjármagnaður fram eftir árinu 2010. Eiginfjárlutfall bankans var hins vegar veikt. Því var sameining Landsbankans og Straums talin ákjósanleg og í raun forsenda þess að þessir bandar gætu tekið þátt í frekari umbreytingum á íslenskum fjármálamarkaði. Sameinaður banki hefði samkvæmt því sem við blasti þá tiltölulega örugga fjármögnun og með eiginfjárlutfall um 12,6% í samanburði við 10,3% eiginfjárlutfall Landsbankans, eða nærri eða 50% fyrir ofan lágmarksviðmið alþjóðlegra bankareglna.

	LÍ	Straumur	LÍ + Straumur
Vegnar eignir*	3.098.125 ISK million**	547.724 ISK million	3.645.849 ISK million
Tier I – eigið fé	252.507 ISK million	126.820 ISK million	379.327 ISK million
Tier I - eiginfjárlutfall	8,2%	23,2%	10,4%
Tier II – eigið fé	319.600 ISK million	139.122 ISK million	458.722 ISK million
Eiginfjárlutfall	10,3%	25,4%	12,6%

*Eignir á sk. áhættugrunni.

**Tölur miðast við hálfársuppgjör frá miðju ári 2008 hjá LÍ og Straumi. EUR/ISK 124,38

Þegar ég sagði ráðherrum að við hefðum eigið fé átti ég við eigið fé í Straumi og/eða sameinuðum banka. Ég reiknaði með að fjármálaráðherra vissi af því að verið væri að tala um að sameinaðir Landsbanki og Straumur myndu taka yfir Glitni líkt og kom skýrt fram í tveimur tilboðum sem send voru stjórnvöldum um helgina. Við lestur bókar Árna Matt lítur út fyrir að hann hafi annaðhvort ekki kynnt sér forsendur

tilboða Landsbankans um yfirtöku á Glitni eða að hann hafi ekki skilið hvaða þýðingu það hafði fyrir eiginfjárstöðuna að sameina Landsbankann og Straum. Það hefði skipt **öllu**.

Það er grátlegt að fyrrverandi ráðherra virðist hafa komist að niðurstöðu sinni um að engin innistæða væri fyrir orðum Landsbankamanna um að það hafi verið til eigið fé án þess að skilja tillögurnar að fullu. Á sama tíma tekur ríkisstjórnin ákvörðun um að lána Kaupþingi 500 milljónir evra byggt á því að „einhverjir peningar“ voru að koma inn í Kaupþing án þess að útskýra það frekar hvaða peninga var þarna um að ræða.

Beinum og óbeinum ásökunum fyrrverandi ráðherra um að ég og fulltrúar Landsbankans hafi verið að beita blekkingum er vísað á bug. Við vorum eftir bestu getu og með öllum ráðum og af fullum heilindum að reyna að bjarga þeim verðmætum Landsbankans og Straums sem hægt var að bjarga. Tækifærin til að rýna í tillögur og ræða mögulegar lausnir við stjórnvöld eða fulltrúa þeirra voru fá en þegar þarna var komið sögu héldu þau á öllum þráðum máls í sínum höndum. Það er ekki hægt að ásaka okkur um blekkingar þegar hvorki var vilji til að fara í saumana á okkar tillögum eða skilningur á efni og innihaldi þeirra.

Veikur málflutningur - Almennar ásakanir með óljósa tilvísun í rannsóknarskýrslu Alþingis

Eins og bent hefur verið á í opinberri umfjöllun um bókina Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar þá er bókin hvorki heimildarit né hlutlaus frásögn¹¹. Bókin er varnarrit. Tilgangur hennar er að koma þeim skilaboðum á framfæri að Árni Matt, fyrrum ráðherra til sjö ára, hafi ekki með gerðum sínum eða aðgerðaleysi valdið neinu um hrunið. Þar með segir hann að ábyrgð og sök hvíli á herðum annarra. Hann bendir á bankana og ásakar þá um að hafa blekkt og villt um fyrir stjórnvöldum sem þar með hefðu ekki getað sinnt skyldum sínum.

Eins og sjá má hér að ofan þá standast ekki þau dæmi sem ráðherra nefnir um blekkingar Landsbankans. Alloft koma síðan fram í bók hans almennar fullyrðingar um að bankarnir hafi verið að blekkja og þá vitnar hann gjarnan með óljósum hætti í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Á einum stað segir hann:

„Hrunið sjálfst verður fyrst og fremst vegna þess að bankarnir eru allt of stórir og viðskiptamódel þeirra alltof háð öðrum aðilum til þess að þeir gætu lifað af hremmingar hinnar alþjóðlegu kreppu á fjármálamörkuðum. Þeir eru langtum stærrí en svo að ríkissjóður geti hjálpað þeim undir þessum kringumstæðum. Þegar svo kemur í ljós eftir að mál þeirra eru krufin til mergjar að allir innviðir eru feysknir, eigið fé uppblásið og falsað, útlán að stórum hluta áhættusöm, tengd og ótryggð er vafamál hvort þeir hefðu nokkurn tíma geta lifað af.“ (Bls. 144.)

Í umfjöllun um Icesave-málið segir síðan Árni Matt:

„Ef banki er færður þá þarf bankaeftirlitið í viðkomandi landi að viðurkenna hann, fara í gegnum fjárhag hans og rannsaka hver staða hans er. Ef við hefðum reynt það með einhvern bankanna okkar á árinu 2008, þá hefði að öllum líkindum ekki verið tekið við neinum þeirra. Ef þeir hefðu farið í gegn um lánabækurnar hefði komið í ljós hver staða lánanna var og þá hefði uppgötvast fölsun þeirra á eigin fé, þannig að þeir gátu aldrei flutt.

Þá hefði komið upp úr dúrnum að bankarnir blésu út á fölskum forsendum, þeir drógu ekki frá lánaskuldbindingar vegna eigin fjár í kerfinu. Það á að draga þær frá til þess að finna hvert eiginfjárlutfallið er eins og reglur eru um, þannig að eigið fé þeirra var blásið út og þá gátu þeir blásið út útlánin á móti. Þeir voru því að stækka umfram það sem þeim var heimilt af því að þeir fóru á svig við reglurnar.

Skýrslan dregur þetta fram; allir voru blekktir, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn, ríkisstjórnin, allir. Þess vegna var svo erfitt að sætta sig við það að vera talinn hafa vanrækt skyldur sínar, þegar það liggur fyrir og nefndin leggur það þannig upp, að við höfðum ekki rétta mynd af stöðunni og af vandamálinu. Eftirlitsaðilarnir gáfu okkur ranga mynd af stöðunni, ekki vegna þess að þeir

¹¹ Ýmsir bókadómar hafa birst um bókina Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar. Hér skal bent á umsögn Jóns Baldvins Hannibalssonar í sjónvarpsþættinum Silfur Egils 12.12.10 .

væru að reyna að blekkja okkur, heldur vegna þess væntanlega að þeir höfðu ekki heldur réttu upplýsingarnar. Þá er ekki um annað að ræða en að álykta sem svo að bankarnir hafi blekkt.“
(Bls. 179-180)

Í þessu sambandi er mikilvægt að nefna að af 62 atriðum sem í skýrslu rannsóknarnefndar eru talin til orsaka á hruni bankakerfisins er ekki talað um „feyskna“ innviði, „útblásið eigið fé“, „falskar forsendur“ eða að „allir voru blektir“. Ónákvæmni ráðherrans í þessu efni þjónar málflutningi hans því þó svo rannsóknarskýrsla Alþingis finni að mörgu í starfsháttum gömlu bankanna þá er ekki þar með sagt að þeir meinbugir hafi valdið eða stuðlað að hruninu. Í þeim efnum beinir skýrslan spjótum sínum ekki síður að stjórnvöldum sem skópu bönkunum skilyrði til gríðarlegs vaxtar og hvöttu til hans. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir einfaldlega að ráðherra hafi ekki „gripið til viðhlítandi ráðstafana“ og „með því athafnaleyssi sínu hafi Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og með því sýnt af sér vanrækslu ...“ (Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, 7. bindi, kafli 21.5, bls 315).

Ljóst er að í bók þessari reynir fjármálaráðherra ekki að kasta ljósi á athafnir og athafnaleyssi Seðlabanka Íslands. Fjölmörgum spurningum á eftir að svara um þann banka. Hafa verður í huga að Seðlabanki Íslands var eini seðlabankinn í heiminum sem varð tæknilega gjaldþrota í þeim hremmingum sem gengu yfir heimsbyggðina haustið 2008. Það hlýtur að teljast athyglisvert að fjármálaráðherra deilir ekki með lesendum álitinu sínu og skýringum á þeirri afar athyglisverðu staðreynd.

Það má því vera nokkuð ljóst að ásakanir Árna Mathiesen í garð bankanna er vörn hans vegna ásakana rannsóknarnefndarinnar á hendur honum um athafnaleyssi og vanrækslu. Bókin Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar þjónar því þeim tilgangi að kenna bönkunum og mönnum þeim tengdum um hrunið og þá ekki aðeins hrun bankakerfisins heldur einnig hrun krónunnar - hrun samfélags. Hún er ekki skrifuð til að varpa ljós á orsakir og ástæður eða til að varpa skýrara ljósi á forsendur mikilvægara ákvarðana – enda gerir hún það ekki.

Að lokum

Við lestur bókar Árna Mathiesen fást ekki svör við því af hverju stjórnvöld tóku þrjár mikilvægar ákvarðanir daga 28. september til 7. október 2008 og af hverju öðrum kostum var hafnað.

1 Í fyrsta lagi liggur engin raunveruleg greining fyrir á valkostum við úrlausn vanda Glitnis í lok september og því fást ekki svör við spurningunni af hverju hann sem vörslumaður fjár ríkisins samþykkir að ráðstafa um 84 milljörðum króna til að kaupa 75% í Glitni. Eina skýringin sem sett er fram er að Seðlabankinn hafi verið með þessa hugmynd og að hún var „afar einföld í grunninn“ (Bls. 22.) Síðan réttlætir ráðherra gjörninginn með vísun í eitthvað sem sagt var eftir á.

2 Í öðru lagi varpar bók Árna Matt litlu ljósi á þá spurningu af hverju ríkisvaldið brást ekki við með neinum hætti vikuna eftir yfirtöku Glitnis. Bókin staðfestir hins vegar aðgerða- og ráðaleysi ríkisstjórnar því þá viku afgreiðir bókaritari á tveimur blaðsíðum (bls. 26-28.) með lýsingum á atburðum eins og t.d. hruni á lánshæfismati ríkisins rétt eins og málið hefði lítið með Árna Matt að gera.

3 Í þriðja lagi er fjármálaráðherra með getgátur um einhvern „undarlegasta og óskiljanlegasta gjörning hrunsins,“ þegar að Kaupþingi voru lánaðar 500 milljónir evra aðfaranótt 6. október en Landsbankanum hafnað um lán að svipaðri upphæð til að reyna að liðka fyrir flutningi á Icesave í breska lögsögu. Ráðherra segir um lánveitinguna til Kaupþings „... en ég vissi ekki smáatriðin í þessu. Ákvörðunin var ekki borin undir mig.“ (Bls. 48.) Það að reyna að rökstyðja síðan þennan gjörning með því að von var á „einhverjum peningum“ inn í Kaupþing er grátlegt.

Af þessu er ljóst að sá sem áhuga hefur á að komast að því hvernig ákvarðanir voru teknar á ríkisstjórnarheimilinu þessar örlagaríku vikur og hverjir tóku þær og á hvaða forsendum þarf að leita lengra en í bók Árna Matt. Hafi einhver áhuga á vörn Árna við kærur og ásökunum um vanrækslu er bók þessi mikilvæg. Það sem mér finnst fróðlegast við lestur þessarar bókar er að sjá hversu íslensk stjórnvöld byggja ákvarðanir sínar á veikum grunni, virkja seint sérfræðinga, samhæfa illa stjórnsýslustofnanir, leita lítið eftir ólíkum sjónarmiðum, kanna lítt áreiðanleika upplýsinga sem þau byggja mikilvægar ákvarðanir á og síðast en ekki síst hvað þau skynjuðu vandamál þröngt og einangrað. Einnig kemur það mér á óvart að í uppgjörsbók eins og þessari bók Árna Matt virðist þróun mála á Íslandi ekki sett í samhengi við það sem var að gerast annars staðar, einkum á Bretlandi og í Bandaríkjunum. Besta dæmið er frásögn Árna Matt af samskiptum sínum við bresk stjórnvöld þann 8. október 2008 þar sem viðbrögð Breta eru ekki sett í samhengi við það sem síðar hefur komið fram, að þann dag hékk breska fjármálakerfið á bláþræði og jafnvel fjármálakerfi heimsins og bresk stjórnvöld tóku ákvörðun um að styðja kerfið um 500 milljarða sterlingspunda og bandarísk yfirvöld voru að ganga frá áætlun um stuðning við sína banka upp á 700 milljarða bandaríkjadala¹².

¹²Sjá tilvitnun 1 að ofan.

Það er enn langt í land með greininguna á því að íslenska bankakerfið óx eins hratt og raun ber vitni og afhverju það hrundi þegar hvesa tók á hinum alþjóðlegu mörkuðum. Greining á því hvar og hvernig hinar ytri aðstæður hins hnattvædda fjármálakerfis knúðu þannig á að heimatilbúnaðar aðstæður á Íslandi mögnum upp vandann – hvenær athafnir eða athafnaleysi bankanna urðu vandi stjórnvalda og hvenær aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnvalda urðu vandi bankakerfisins – og hvernig vandi viðskiptavina bankanna varð vandi bankanna og öfugt. Eins er þeirri spurningu ósvarað hvort sú ákvörðun ríkisvaldsins að reyna að styðja veikasta bankann hafi ekki í raun smitað allt kerfið. Og jafnframt hvort hrun fjármálakerfisins hafi orðið vegna þess að persónur og leikendur gengu lengra en lög og reglur leyfðu eða hvort allt hrundi þrátt fyrir að allir hafi reynt að gera sitt besta og lagt sig fram um að spila eftir settum reglum. Ekki er varpað ljósi á þá staðreynd, að þrjár bankar leituðu eftir aðstoð ríkisins og tveir þeirra – Glitnir og Kaupþing, fengu stuðning en einum þeirra – Landsbankanum, var aldrei rétt hjálparhönd og stóð greinilega aldrei til að gera það. Lesendur bókarinnar Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar eru litlu nær um þessi atriði.